



**93. fundur Fjölskylduráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 30. janúar 2024
og hófst hann kl. 12:30**

Fundinn sátu:

Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eypórsdóttir varaformaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Eypór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri og Dagný Erla Ómarsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs.

Fundargerð ritaði: Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, fræðslustjóri

Helga Þórarinsdóttir, verkefnastjóri í málefnum fatlaðra, sat lið 1 Dagný Erla Ómarsdóttir verkefnastjóri íþrótt og tómstunda, sat liði 2-6.

Dagskrá:

1. 202101230 - Reglur um fjárhagsaðstoð

Fyrir liggur minnisblað um breytingar á upphæðum í reglum Múlapings um fjárhagsaðstoð frá og með 01.01.2024.

Fjölskylduráð samþykkir breytingar á upphæðum í 16. gr. reglna Múlapings um fjárhagsaðstoð. Fjölskylduráð samþykkir einnig að reglur um fjárhagsaðstoð verði endurskoðaðar á þessu ári.

Samþykkt með handauppréttingu. Einn sat hjá (JHP).

2. 202309159 - Haustþing SSA og aðgerðaráætlanir 2023

Fyrir liggja tillögur að aðgerðum frá haustþingi SSA sem haldið var 28. til 29. september 2023. Meðfylgjandi tillögum er vísað til fjölskylduráðs.

Erindi til fjölskylduráðs snýr að uppbyggingu, rekstri og nýtingu íþróttamannvirkja á Austurlandi og að tryggðar séu reglulegar samgöngur á milli byggðakjarna.

Fræðslustjóra er falið að koma á samtali milli sveitarfélaga á Austurlandi um uppbyggingu, rekstur og nýtingu íþróttamannvirkja. Jafnframt óskar ráðið eftir að verkefnastjóri samgangna hjá Austurbrú komi á fund fjölskylduráðs með kynningu á skipulagi og framtíðarsýn almenningsgangna á Austurlandi.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

3. 202401174 - Samningur við Neista

Málið í vinnslu.

4. 202401175 - Kynning á nýframkvæmdum við Fellavöll



Á fundinn mætti Hugrún Hjálmarsdóttir, framkvæmda- og umhverfisstjóri og kynnti fyrirhugaðar nýframkvæmdir við Fellavöll.

Lagt fram til kynningar.

5. 202301120 - Sveitarstjórnarbekkurinn

Fyrir fjölskylduráð liggur samantekt á fyrirspurnum og ábendingum sem bárust til kjörinna fulltrúa á sveitarstjórnarbekknum 16. desember síðastliðinn.

Ábending barst um að loka ekki sundlauginni á Egilsstöðum kl. 17:00 um helgar.

Því miður sér fjölskylduráð sér ekki fært að hafa opnunartímann lengri en nú er gert, fræðslustjóra er falið að svara erindinu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

6. 202012045 - Skýrsla fræðslustjóra

Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:10

